



Haustfrí

Haustfrí verður í skólanum 18. og 19. október. Við vonum að nemendur og starfsfólk njóti frídaganna og komi endurnært til baka.

Viðvörðunarbref vegna skólasóknar

Nemendur sem hafa ekki mætt í skólann sem skyldi fengu sent viðvörðunarbref í byrjun októbermánaðar. Nú er önnin hálfnuð og því mikilvægt að mæta vel og sinna náminu af kostgæfni. Skólavist er ekki sjálfsagður hlutur ef nemendur sinna ekki náminu sem skyldi.

Á hverri önn eru það alltof margir sem ekki fá áframhaldandi skólavist vegna slakrar skólasóknar og lélegs námsárangurs.

Þórsmerkurferð

Nemendafélagið stóð fyrir sinni árlegu Þórsmerkurferð 3. – 5. október. Ferðin tókst afar vel og skemmtu allir sér vel í blíðskaparveðri.

Um 80 nemendur voru í ferðinni og þrír kennarar. Eins og oft áður var húsráðandi í Básum mjög ánægður með hegðun og umgengni nemenda í FG.



Miðannarmat

Nú er miðannarmat komið í INNU og má sjá það á nemendavef INNU. Forráðamenn nemenda yngri en átján ára fá það einnig sent í pósti. Miðannarmatið er fyrst og fremst hugsað sem skilaboð til nemenda um hver staða þeirra er í námi á þessari stundu. Ef niðurstaðan er ekki nægjanlega góð er enn hægt að slá í klárinn og reyna að vinna upp gamlar syndir. Við hvetjum foreldra til að skoða niðurstöðurnar með unga fólkinu og hvetja það til dáða.

Berlínarferð FG

Nú á haustönn er í fyrsta skipti boðið upp á sérstakan Berlínaráfanga fyrir þýskunemendur. Í kennslustundum hafa nemendur fræðst um Berlínarborg, þjálfað munnlega færni og gert ýmislegt til að undirbúa ferð til Berlínar. Þann 5. október rann síðan stóri dagurinn upp, 30 nemendur ásamt 2 kennurum héldu á vit ævintýrana. Gist var á farfuglaheimili miðsvæðis í borginni, nemendur leystu ýmis verkefni, m.a. var hjólað eftir legu hins alræmda múrs, og keppt var við að sýna frumkvæði og samvinnu í ratleik. Þótt veðrið hafi ekki verið upp á sitt besta komu allir sælir og hressir heim, en óvenju þreyttir. Enda margra kílómetra ganga að baki!

Myndin er tekin við leifarnar af Berlínarmúrnum.

